

Góðan daginn

Við eigendur að Vesturholti 19, sækjum hér með um leyfi til að gera endurbætur að húsi okkar.

Vesturholt 19 stendur á Hvaleyrarholti og er suðurhlíðin mjög áveðurs.

Töluvert hefur verið um rakavandamál, sérstaklega á efstu hæð og jarðhæð. Upphaflega voru svalir á suður hliðinni sem meðal annars olli lekavandamálum, reynt var að koma í veg fyrir þann leka með því að loka svölunum með gleri og rennihurð áður en við keyptum íbúðina okkar. Sú aðgerð hefur ekki reynst vel og enn er leki.

Nú viljum við færa útvegg efri hæðar til samræmis við neðri hæð og heil klæða þá hlið með von um að sé hægt að koma í veg fyrir allan leka. Við sjáum þann kost vænstan að klæða alla suður hliðina með bárujárns aluzink klæðningu og setja tvo glugga í stað svalanna sem eru til samræmis við þá glugga sem fyrir eru.

Við sjáum líka fyrir okkur að hugsanlega þurfi að klæða allt húsið, bæði til að koma í veg fyrir leka á norð-vestur horni og til að fegra útlit hússins.

Þessum framkvæmdum fylgir stækkun efri hæðar. Samkvæmt því þá mun tvö svefnherbergi ná alla leið að nýjum útvegg.

Með von um skjóta afgreiðslu og leiðbeiningum um næstu skref.

kveðja,

Íris Hvanndal Skaftadóttir, kt. 2610724409,

Halldór Geirsson, kt. 2409762939

Kristín Sigríður Garðarsdóttir, kt. 1011563899